

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Félags grunnskólakennara**

51. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn fimmtudaginn 29. október 2015 í Borgartúni 21 og hófst hann kl. 15:30.

Fundinn sátu: Ólafur Loftsson og Guðbjörg Ragnarsdóttir af hálfu KÍ, af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

**1. Lagðar fram til samþykktar tillögur starfshóps um breytingar á reglum Verkefna- og námsstyrkjasjóðs, Skólastjórafélags Íslands og Félags Grunnskólakennara. – 1412004SA**

Starfshópur sem skipaður var vegna breytinga á reglum **Verkefna- og námsstyrkjasjóðs** FG og SÍ hefur nú vísað tillögum sínum að nýjum reglum og nýju nafni sjóðsins til samþykktar hjá samstarfsnefndum Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Skólastjórafélags Íslands og Félags grunnskólakennara.

Samstarfsnefnd samþykkir einróma nýjar starfsreglur og nýtt nafn sjóðsins sem fær nafnið Vonarsjóður FG og SÍ og taka reglurnar gildi frá og með 2. maí 2016.

Starfshópnum eru þökkuð vel unnin störf.

**2. Breyting á grein 10.6.1 samhliða endurskoðun og breytingum á starfsreglum Vonarsjóðs. - 1412004SA**

Vegna samþykktar samstarfsnefndar á nýjum starfsreglum og nafni Vonarsjóðs og nýju nafni sjóðsins liggur fyrir að breyta þarf grein 10.6.1 í kjarasamningi aðila frá 20.maí 2014.

**Niðurstaða:**

Samstarfsnefnd samþykkir að grein 10.6.1 breytist og verði með eftirfarandi hætti frá og með 2. maí 2016:

### 10.6.1. VONARSJÓÐUR FG OG SÍ

Sérstakur sjóður skal stuðla að aukinni starfsþróun kennara og skólastjórnenda innan FG og SÍ. Úr sjóðnum skal úthlutað til félagsmanna skv. reglum sem samningsaðilar hafa sett í sameiningu um styrki til starfsþróunar félagsmanna. Semja má um aðra ráðstöfun þess fjármagns, sem hér um ræðir, enda leiði það ekki af sér aukinn kostnað fyrir launagreiðenda.

Launagreiðandi greiðir mánaðarlega framlag í sjóðinn sem nemur 1,72% af föstum dagvinnulaunum félagsmanna í FG og SÍ (KÍ).

*Þeir félagsmenn KÍ sem aðild hafa átt að Vísindasjóði FF (áður Vísindasjóði HÍK) og starfsmenntunarsjóði skulu þrátt fyrir 10.6.1 eiga rétt á því að Vonarsjóður FG og SÍ skili iðgjöldum þeirra áfram til nefndra sjóða.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00